

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
16-10-348	C.C.I.D.	DAKHLA		PP
16-10-355	Coquillages Dakhla	DAKHLA		PP

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. apríl 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Guðrún M. Eysteinsdóttir.

14. apríl 1999

Nr. 267

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Íþróttasjóð nr. 188/1999.

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar skal umsóknarfrestur á árinu 1999 miðast við 1. júní.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 14. apríl 1999.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

12. apríl 1999

Nr. 268

REGLUR

um Launasjóð fræðiritahöfunda.

1. gr.

Stofna skal Launasjóð fræðiritahöfunda. Tekjur sjóðsins eru:

1. Árleg fjárveiting eftir því sem Alþingi ákveður í fjárlögum.
2. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

2. gr.

Meginhlutverk Launasjóðs fræðiritahöfunda er að auðvelda samningu bóka og verka í stafrænu formi til eflingar íslenskri menningu.

3. gr.

Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda skal skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, þannig: Einn fulltrúi tilnefndur af Rannsóknarráði Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, og formaður skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Rannsóknarráð Íslands sér um rekstur og vörslu Launasjóðs fræðiritahöfunda í umboði stjórnar sjóðsins, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 61/1994 um Rannsóknarráð Íslands.

5. gr.

Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi.

6. gr.

Stjórnin úthlutar árlega starfslaunum úr sjóðnum. Starfslaun skulu veitt til hálfis árs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja.

Starfslaun skulu miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þau sem taka starfslaun skulu vera á skrá hjá stjórninni og frá greidd starfslaun mánaðarlega að viðbættu 6% álagi. Þau skulu eiga aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Þau skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur. Starfslaunaþegar skulu skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Stjórn sjóðsins má fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi fræðimaður hafi ekki sinnt fræðistörfum sínum.

7. gr.

Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum, sem lagðar skulu fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

8. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 12. apríl 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 274/1998, um Byggðastofnun.

1. gr.

2. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og óafturkræf framlög. Almennt séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla Byggðastofnunar miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutfjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er